

Meginreglur til að leysa ágreining

Ágreiningur! Hann er allt í kringum okkur. Ágreiningur milli foreldra og barna. Ágreiningur milli hjóna. Ágreiningur milli vina. Hann er hluti af lífinu. En hvernig á hinn kristni að takast á við ágreining? Er mögulegt að ágreiningur sé stundum nauðsynlegur og er mögulegt að við þurfum stundum að sneiða hjá honum? Í þessu verkefni munu við kanna hvað Biblían segir um ágreining og meginreglur varðandi hann.

1. Hvað segir Biblían um samband okkar við aðra? Hebreabréfið 12.14

2. Þýðir þetta að við getum aldrei reiðst neinum? Efesusbréfið 4.26

Ath. Reiði er eðlileg tilfinning. Það sem Biblían er að segja að reiðin ein og sér er ekki synd, heldur er það hvað við gerum með hana sem ákvarðar hvort við syndum eða ekki.

3. Hve mikilvægt er það Guði að maður leysir úr ágreiningi við aðra? Matteus 5.23-24

4. Hvernig vill Guð að maður leysi ágreining aðra? Lúkas 17.3-4

5. Hvernig á maður að bregðast við þegar annar trúaður einstaklingur gerir manni rangt til? Matteus 18.15-17

6. Hvað segir Guð að við eigum að gera við okkar eigin aðfinnslur og gagnrýni? Matteus 7.1-5

7. Hvað segir Biblían um það að fyrirgefa öðrum þegar fólk biðst fyrirgefningar? Matteus 6.14-15; 18.21-22

28-2

Ath. Þegar við fyrirgefum öðrum þýðir það ekki að við getum ekki rætt við viðkomandi um misgjörðir þeirra gagnvart okkur. Hinsvegar þýðir það að við erum tilbúin að leysa vandamálið með þeim.

8. Eigum við að „elska óvini okkar“? Lúkas 6.27-36; Rómverjabréfið 12.14-21

Ath. Það er ómögulegt fyrir mannseðlið að elska óvini sína. En þannig er það ekki hjá börnum Guðs! Við eigum að vera „hluttakendur í eðli hans.“

„Það er ekki veraldleg tign eða jarðnesk ættgöfgi, þjóðerni eða trúarlegir yfirburðir, sem sýna hvort við séum meðlimir hinnar himnesku fjölskyldu. Skírteinið er kærleikur – kærleikur sem nær til alls mannkyns. Jafnvel syndarar láta góðvild annarra hafa áhrif á sig, svo framarlega sem hjarta þeirra er ekki harðlokað fyrir áhrifum Guðs anda. Á meðan þeir gjalda ef til vill hatur með hatri, munu þeir einnig gjalda kærleika með kærleika. En það er aðeins andi Guðs sem launar hatur með kærleika. Að auðsýna góðvild hinum vondu og vanþakklátu, að gera gott án þess að vænta nokkurs í staðinn: Þetta er hið himneska konungsmerki, hið áreiðanlegasta auðkenni sem börn hins Hæsta opinbera hina miklu tign sína með.“

Frá ræðustóli náttúrunnar, bls. 96

9. Hvernig getum við öðlast slíkan kærleika til annarra?

Jóhannes 15.4-5; 1 Jóhannesarbréf 4.12-13

Ath. Þar sem við getum ekki af sjálfsdáðum elskað og fyrirgefið öðrum mun Heilagur andi gefa okkur hæfileikann til að framkvæma það sem við getum ekki gert í eigin mætti. Við þurfum aðeins að biðja Jesú um það og líta svo á að málið sé leyst. Lúkas 11.9-13.

10. Eigum við að reyna að semja frið í deilum annarra? Orðskviðirnir 26.17

11. Er það stundum réttlætanlegt að tala beint út gegn öðrum? Jóhannes 2.13-16

Ath. „Að sönnu er til réttlætanleg reiði, jafnvel meðal fylgjenda Krists. Þegar þeir sjá Guð óvirtan og þjónustunni við hann hallmælt, þegar þeir sjá saklausa kúgaða hrærist sálin af réttlátri reiði. Slík reiði, vakin af næmri siðferðiskennd, er ekki synd. En þeir sem af hverju ímynduðu tilefni telja sér frjálst að bregðast við af reiði eða andúð eru að opna Satan hjarta sitt.“

Þrá aldanna, bls. 225

28-3

Samantekt: Guð vill að við lifum í friði og kærleika hvert með öðru. Þessi kærleikur getur aðeins komið frá Guði. Og hann er okkar ef við aðeins biðjum um hann. Guð vill að við séum hreinskilin og einlæg hvert við annað. Þegar við mætum ágreiningi skulum við biðja Guð um visku til að takast á við málið. Ef við höfum skaðað einhvern þurfum við að fara til þess einstaklings og biðjast fyrirgefningar. Hafi einhver gert okkur mein þurfum við að fara til þeirrar persónu – eftir að hafa beðið til Guðs – og útskýra vandamálið fyrir honum eða henni.

Mundu hve nærgætni og lípurð skipta miklu máli þegar maður nálgast erfiðar kringumstæður. Reyndu að láta þér detta í hug eitthvað jákvætt að segja viðkomandi svo að hann eða hún snúist ekki sjálfkrafa til varnar. Ef beðist er fyrirgefningar þarft þú að fyrirgefa. Ef þörf er á biðdu Guð að hjálpa þér að fyrirgefa. Þú skalt ekki undir neinum kringumstæðum blanda þér í deilur annarra. Biðji einhver þig um ráðleggingu í deilumáli skaltu benda þeim á viðeigandi biblíuvers.

Undir vissum kringumstæðum getum við þurft að standa í móti einhverjum. Þetta á við þegar: 1) Guð er vanheiddraður, 2) þjónusta við Guð verður fyrir lasti og 3) þegar saklausir líða. Mundu að lokum eftir lofordi Guðs til okkar: „Allt megna ég fyrir hjálp hans, sem mig styrkan gjörir.“ Filippíbréfið 4.13.

Svör við nr. 28

Spurning 1 – Leitastu eindregið við að lifa í friði við alla

Spurning 2 – Nei

Spurning 3 – Mjög mikilvægt

Spurning 4 – Ef bróðir þinn (náungi þinn) gerir þér mein, skaltu ávíta hann. Ef hann biðst fyrirgefningar, skaltu fyrirgefa honum.

Spurning 5 – Farðu fyrst og talaðu við hann einslega. Láti hann sér ekki segjast, skaltu taka annan einstakling með þér, einn eða tvo. Skeyti hann því ekki, skaltu segja það söfnuðinum. Vilji hann enn ekki hlusta tilheyrir hann í raun ekki heildinni eða söfnuðinum.

Spurning 6 – Við verðum dæmt á sama hátt og við dæmum aðra.

Spurning 7 – Fyrirgefa fúslega. Ef við fyrirgefum ekki öðrum, mun Guð ekki fyrirgefa okkur.

Spurning 8 – Já

Spurning 9 – Með því að tengjast Jesú og kærleika hans

Spurning 10 – Nei

Spurning 11 – Já